

Reykjavík, 22. apríl 2009

FRÉTTATILKYNNING

Sparnaður ehf hefur höfðað mál á hendur ríkisbönkunum þremur, NBI, Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi banka, til viðurkenningar á skaðabótaskyldu bankanna vegna ólögætra hindrana á Uppgreiðsluþjónustu lána.

Ríkisbankarnir þrír hafa kerfisbundið reynt að koma í veg fyrir að Sparnaður ehf. geti aðstoðað viðskiptavinum sína við uppgreiðslu á lánnum, svokölluðum höfuðstólsgreiðslum. Kaupþing hefur frá byrjun Uppgreiðsluþjónustu Sparnaðar í desember 2007 hafnað öllu samstarfi.

Íslandsbanki, þá Glitnir, kom svo í kjölfarið og eftir að Landsbankinn varð ríkisbanki tók hann upp sömu starfshætti.

Bankarnir hafa ýmist borið fyrir sig að umboð Sparnaðar til þess að veita Uppgreiðsluþjónustuna sé ófullnægjandi eða það sé svo erfitt að framkvæma höfuðstólsgreiðslurnar. Sparnaður hefur ítrekað óskað eftir efnislegum athugasemdum við umboðin en ekki fengið svör nema þá helst að bankarnir séu ekki lögfræðilegir ráðgjafar Sparnaðar. Það sem varðar innanhúsvanda bankanna er því miður ekki á valdi Sparnaðar að leysa.

Með Uppgreiðsluþjónustu Sparnaðar getur ein fjölskylda sparað sér allt að tugi milljóna í vexti og verðbætur. Þetta eru hins vegar vaxtatekjur sem bankinn verður af. Það er því augljóst að miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi. En það er með öllu ólíðandi að fjármálastofnanir, sem auk þess eru komnar í ríkiseigu, beiti bolabrögðum og valdniðslu til þess að koma í veg fyrir að fólk í landinu geti greitt hraðar upp lán sín með aðstoð Sparnaðar.

Sparisjóðirnir hafa ekki gert athugasemdir við Uppgreiðsluþjónustu Sparnaðar og því hafa viðskiptavinir þeirra getað hindrunarlaust greitt upp lán sín. Það er hins vegar áhyggjuefni fyrir viðskiptavinum SPRON að Kaupþing skuli eiga að þjónusta þá, meðal annars við uppgreiðslu lána í ljósi andstöðu bankans við Uppgreiðsluþjónustu Sparnaðar.

Fjármálaeftirlitinu (FME) var send kvörtun þann 29. september 2008 og ítrekunarkvörtun þann 17. nóvember sama ár vegna framangreindra synjana bankana, en ekkert svar hefur borist.

Sparnaður hefur orðið fyrir miklu tjóni vegna þessara viðskiptahátta bankanna að ógleymdu því fjárhagslega tjóni sem viðskiptavinir félagsins hafa orðið fyrir. Því hefur Sparnaður höfðað mál á hendur ríkisbönkunum þremur til viðurkenningar á því tjóni sem þeir hafa valdið með þessu háttarlagi sínu.

Ráðherra bankamála, Gylfa Magnússyni, var gerð grein fyrir málshöfðuninni á hendur bönkunum á fundi í viðskiptaráðuneytinu þann 13. mars sl.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Sparnaðar ehf.

Ingólfur H. Ingólfsson,

Stjórnarformaður Sparnaðar ehf.

Nánari upplýsingar fást í síma 690-2330